

Lífeyrissjóður bankamanna

**Fjárfestingarstefna
Aldursdeildar
2017**



Fjárfestingarstefna Aldursdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna

Í samræmi við reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða.

1. Lífeyrissjóður bankamanna, Aldursdeild

Lífeyrissjóður bankamanna hét áður Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans en starfsemi hans má rekja aftur til ársins 1929. Hinn 1. janúar 1998 breyttist nafn sjóðsins og starfsemi var skipt í tvær deildir, Hlutfallsdeild og Stigadeild (nú Aldursdeild). Aðildarfyrirtæki Aldursdeilda eru Landsbankinn hf., Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Valitor hf., og Lífeyrissjóður bankamanna.


2. Tryggingafræðileg staða


Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar miðað við lok árs 2015 sýndi að verðmæti eigna deildarinnar að meðtöldum iðgjöldum en frádegnum kostnaði vegna fjárfestinga reiknast 55.603,1 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 55.861,7 milljónir. Mismunur eigna og skuldbindinga reiknast því -258,6 milljónir, eða -0,46% af heildar skuldbindingum.

Staða deildarinnar er innan þeirra marka sem almennt eru áskilin í 39. gr laga nr. 129/1997 en þar er tilgeindur hámarksmanur milli eigna og skuldbindinga 10% á einstöku ári og 5% samfellt í fimm ár. Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna tiltaka ekki ákveðin vikmörk fyrir mun eigna og skuldbindinga en í 5. grein samþykktar er að finna almennt ákvæði um að jöfnuður skuli vera milli eigna og skuldbindinga.

3. Markmið og forsendur ávöxtunar

Höfuðmarkmið Lífeyrissjóðs bankamanna er að ávaxta eignir sjóðsins til að standa undir lífeyrisskuldbindingum hans og hámarka réttindi sjóðfélaga. Ávöxtun fjármuna Aldursdeilda skal vera í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfssemi lífeyrissjóða. Haga skal ávöxtun eigna deildarinnar með þeim hætti að samspil ávöxtunar og áhættu sé sem hagkvæmast og meginþungi fjárfestinga skal vera á skipulögðum mörkuðum. Fjárfestingarstefna Aldursdeilda tekur mið af réttindakerfi, lífeyrisbyrði og áætluðu framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga sjóðsins. Iðgjaldagreiðslur deildarinnar eru talsvert hærri en lífeyrisgreiðslurnar og samkvæmt útreikningum byggðum á tryggingarfræðilegi athugun má gera ráð fyrir að svo verði áfram næstu ár. Lífeyrisbyrði deildarinnar, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjöldum, var 14,9% árið 2015 samanborið við 3,6% árið 2005.





Á myndinni að ofan má sjá hreint greiðsluflæði til deildarinnar þ.e. iðgjöld og greiðslur af skuldabréfum og innlánasamningum að frádregnum lífeyri. Hreint greiðsluflæði er jákvætt út spátímann en þó lífeyrisþrödi deildarinnar hafi hækkað nokkuð telst hún þó enn lág sem styður þá niðurstöðu að horft sé til lengri tíma við val á fjárfestingum. Árið 2020 er innlánasamningur á gjalddaga sem skýrir snarpa breytingu það ár eins og sést á myndinni að ofan.

Eignasamsetning 1. október 2016 og vænt ávöxtun 2017

Í töflu að neðan má sjá eignasamsetningu Aldursdeilda miðað við 1. október 2016. Frekari sundurliðun á eignum er að finna í fylgiskjali I.

Eignasamsetning Aldursdeilda	Staða
Innlán í bönkum og sparisjóðum	17,5%
Víxlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	33,2%
Skuldabréf sveitafélaga	2,5%
Skuldabréf lánastofnana	4,9%
Skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnæði	5,4%
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	18,4%
Erlend verðbréf	11,4%
Önnur verðbréf (s.s. Skuldabréf fyrritækja)	6,7%

Vænt ávöxtun


Mat á væntri ávöxtun eignaflokka til lengri tíma byggir á sögulegri ávöxtun og mati greiningaraðila. Skráðar vísítölur eru notaðar til að endurspeglu helstu verðbréfaflokka. Þegar vænt markaðsávöxtun eignasafns er áætluð er jafnframt tekið tillit til samsetningar safnsins t.d. til hlutfalls óskráðra hlutabréfa í hlutabréfasafni og meðallánshæfis skuldabréfasafns í samanburði við lánsþæfi ríkisbréfa.

Vænt nafnávöxtun m.v. Vænt nafnávöxtun m.v.

Íslenskar eignir	Viðmið	uppgjör á kaupkröfum	markaðsuppgjör	Söguleg áhætta	Vegin áhætta ¹
Innlán	OMXI3MNI	5,30%	5,30%	0,34%	0,42%
Stutt óverðtryggð bréf	OMXI1YNI	6,21%	5,00%	1,10%	1,21%
Löng óverðtryggð bréf	OMXI5YNI	5,17%	4,00%	4,73%	5,50%
Stutt verðtryggð bréf	OMXI5YI	6,67%	5,70%	4,45%	3,86%
Löng verðtryggð bréf	OMXI10YI	6,69%	5,70%	5,95%	6,29%
Hlutabréf	OMXI8GI	10,50%	10,50%	12,79%	12,79%
Fasteignir	FMRTOT	8,50%	8,50%	1,97%	2,50%

Erlendar eignir	Viðmið				
Áhættulítil skuldabréf	BARCABI	2,0%	2,0%	9,00%	8,54%
Hávaxta skuldabréf	IBOXHY	3,0%	3,0%	8,74%	8,69%
Hlutabréf	MSCI	10,0%	10,0%	11,99%	12,59%
Fasteignir	DWGRST	10,0%	10,0%	13,53%	13,98%
Frávörur	ROGRTR	0,0%	0,0%	13,05%	14,42%

Aldursdeild Lifeyrissjóðs bankamanna hefur það markmið að ná 3,5% meðalraunávöxtun til lengri tíma með að hámarki 8% árlegu staðalfráviki². Vænt raunávöxtun er 3,97% m.v. uppgjör skuldabréfa á markaðskröfu og staðalfrávik 5,28%.



Myndin að ofan sýnir líkindadreifingu raunávöxtunar eignasafns að gefinni þeirri forsendu að raunávöxtun sé normaldreifð með staðalfrávik byggt á sögulegum gögnum um flökt og fylgni.

4. Fjárfestingarstefna 2017

Það er mat stjórnar að eftirfarandi samsetningu sé þannig háttáð að deildin muni geta staðið við skuldbindingar sínar til framtíðar. Í töflunni eru tilgreindar takmarkanir sem gilda um tegundir verðbréfa fyrir árið 2017.

Eignaflokkur		Markmið	Lágmark	Hámark
1.	Innlán í bönkum og sparisjóðum	10%	0%	20%
2.	Víxlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	27%	20%	60%
3.	Skuldabréf sveitafélaga	3%	0%	7,5%
4.	Skuldabréf lánastofnana	10%	0%	20%
5.	Skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnaði	5%	0%	20%
6.-7.	Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	20%	0%	30%
6.-7.	Erlend verðbréf	15%	0%	25%
8.	Önnur verðbréf (s.s. Skuldabréf fyrritækja)	10%	0%	15%

¹ Vísisvegin gildi, þar sem nýjar mælingar vega hærra en eldri mælingar.

² Reiknuð ávöxtun og staðalfrávik miðast við uppgjör skuldabréfa á markaðskröfu. Bókhaldslegt uppgjör deildarinnar kann að vera unnið miðað við aðrar forsendur.

Skýringar:

- 1) Innlán í bönkum og sparisjóðum.
- 2) Víxlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs.
- 3) Skuldabréf með ábyrgð sveitafélaga og skuldabréf útgefin af Lánaþjóði sveitafélaga.
- 4) Skuldabréf lánastofnana, einkum sértryggð skuldabréf fjármálastofana sem skráð eru á skipulögðum markaði.
- 5) Skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnæði, einkum sjóðfélagalán.
- 6) Hlutabréf fyrirtækja, þ.m.t. samlagshlutafélög.
- 7) Hlutdeildarskírteini eða hlutir í verðbréfa- og fjárfestinga- og fagfjárfestasjóðum.
- 8) Önnur verðbréf, einkum skuldabréf traustra fyrirtækja og skuldabréf útgefin af fagfjárfestasjóðum.

Aldursdeild á ekki hlut í fyrirtækjum sem eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir sjóðinn.

Eignasamsetning skal vera í samræmi við VII. kafla laga nr. 129/1997

Takmarkanir

- Hlutdeild óskráðra verðbréfa skal ekki fara yfir 20%, að undanskildum skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign.
- Samanlögð eign deildarinnar í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Engar slíkar takmarkanir skulu vera á verðbréfum með ríkisábyrgð. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. tölulið 8.
- Innlán í sama banka eða sparisjóði, skal ekki vera meiri en 20% af hreinni eign sjóðsins. Þá skal samanlögð krafa á sama banka að meðtöldum innlánum takmarkast við 25% af hreinni eign sjóðsins.
- Eign Aldursdeilda í einstökum verðbréfasjóði eða fjárfestingasjóði, má ekki nema meira en 25% af útgefnum hlutdeildarskírteinum hlutaðeigandi sjóðs.
- Eign deildarinnar í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum innan sama rekstrarfélags, má ekki vera meiri en 25% af hreinni eign lifeyrissjóðsins.
- Óheimilt er að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki eða í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
- Takmarka skal áhættu í erlendum gjaldmiðlum við 25% af hreinni eign deildarinnar.
- Gert er ráð fyrir að afleiður kunni að vera notaðar en eingöngu til að draga úr áhættu eignasafnsins.
- Óheimilt er að eiga í fjárfestingarsjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.
- Atvinnugreinaskipting:
 - Innlend hlutabréfaeign skal taka mið af atvinnugreinaskiptingu á Nasdaq OMX Iceland markaðnum.
 - Erlend hlutabréfaeign skal taka mið af GICS atvinnugreinaflokkun Morgan Stanley og Standard & Poor's.
 - Fyrirtækjaskuldabréfum skal vera vel dreift milli helstu atvinnugreina.

Fasteignatryggð skuldabréf

Hlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa í október 2016 er 5,4% af hreinni eign. Sem stendur er hér eingöngu um að ræða lán til sjóðsfélaga gegn veði í íbúðarhúsnæði. Hámarks lán samkvæmt útlánareglum er 35 m.kr. og takmarkast við 75% veðhlutfall. Upplýsingar um útlánareglur eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins. Auk þess fjárfestir sjóðurinn í skuldabréfum fyrirtækja og sjóða sem tryggð eru með veði í fasteignum, bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Meðallíftími skuldabréfa og innlána

Markmið um meðallíftíma skuldabréfa og innlána er 6 til 10 ár. Vegið meðaltal var 7,9 ár 1. október 2016.

Samningur um virka eignastýringu hjá þriðja aðila

Um 3,6% eigna deildarinnar eru nú í virkri eignastýringu hjá þriðja aðila. Auk þess eru rúmlega 95% af hlutabréfaeign deildarinnar í sjóðum sem beita virkri stýringu.

5. Endurskoðun fjárfestingarstefnu




Fjárfestingarstefna þessi skal tekin til endurskoðunar eftir því sem ástæða er til að teknu tilliti til framangreindra markmiða um ávöxtun og áhættu og markaðsaðstæðna hverju sinni. Ársfjórðungsleg skoðun eignasafnsins samkvæmt áhættustefnu er liður í því að kanna hvort ástæða er til að endurmeta gildandi fjárfestingarstefnu á hverjum tíma. Breytingar á fjárfestingarstefnu skulu gerðar skriflega.

Reykjavík, 26. janúar 2017

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna



Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna



Fylgiskjal I

Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997
Markmið um samsetningu eigna

Aldursdeild

Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	Markmið um eignasamsetningu	Vikmörk	II	Staða í september 2016	Hámark skv. samþykktum	Gengisbundin verðbréf	Vikmörk	IV	V	VI
Innlán í bönkum og spariðjóðum og aðrar peningamarkaðseignir	10%	0-20%	17,5%	Ekkert hámark	0%	0%	0%	0%	0%	0-35%
Ríkisstuldbréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	27%	20-60%	33,2%	Ekkert hámark	0%	0-50%	0%	0%	0%	0%
Skuldabréf bæjar- og sveitafélag	3%	0-7,5%	2,5%	50%	0%	0-7,5%	0%	0%	0%	0-7,5%
Skuldabréf og vixlar banka, spariðjóða og annarra lánastofnana	10%	0-20%	4,9%	50%	0%	0-7,5%	0%	0%	0%	0-7,5%
Fasteignatryggsd skuldabréf	5%	0-20%	5,4%	Ekkert hámark	0%	0%	10%	10%	10%	0-25%
Hlutabréf	25%	0-50%	20%	60%	4,4%	0-15%	0%	0%	0%	0-25%
Hlutir og hlutdeildarskíteini annarra sjóða um sam. fjárfestingu	10%	0-20%	8,8%	50%	6,1%	0-10%	0%	0%	0%	0-10%
Ibúðarhúsnæði	0%	0-10%	0%	Ekkert hámark	0%	0%	0%	0%	0%	0-10%
Önnur verðbréf*	10%	0-10%	7,6%	50%	0,9%	0-10%	0%	0%	0%	0-10%
Samtals		100%	100%		11,4%		10%			

Hámark samkvæmt samþykktum

50%

20%

*Önnur verðbréf eru skuldabréf fyrirtækja ofl.

MR
B
S
H
F
M
J
L
R
A
B
C
D
E
F
G
H
I
J
K
L
M
N
O
P
Q
R
S
T
U
V
W
X
Y
Z